

Kynningarfundur um nýja jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og ný jafnréttislög

Verið velkomin á þennan kynningarfund um nýja jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og ný jafnréttislög.

7. janúar síðastliðinn var jafnréttisáætlun Háskóla Íslands fyrir tímablið 2021-2023 samþykkt í Háskólaráði. Þetta er sjöunda jafnréttisáætlun háskólans, en sú fyrsta tók gildi árið 2000, tveimur árum eftir að jafnréttisnefnd Háskóla Íslands tók til starfa í fyrsta sinn.

Nýsamþykkt jafnréttisáætlun var unnin af jafnréttisnefnd undir stjórn formanns nefndarinnar og í samvinnu við ýmsa sérfræðinga innan Háskólans, ráð um málefni fatlaðs fólks við HÍ, jafnréttisfulltrúa og fleiri aðila.

Í fyrstu jafnréttisáætlunum háskólans var áherslan á jafnrétti kynjanna en á undanförnum árum hafa ýmsar aðra víddir jafnréttis fengið aukið vægi í starfi skólans og í jafnréttisáætlun hans. Mikilvægt er að jafnréttisstarf Háskóla Íslands taki mið af breytingum í samfélaginu og sé í takt við tíðarandann. Hið öfluga rannsóknastarf á sviði jafnréttismála innan Háskóla Íslands hefur haft mikil áhrif á hið innra jafnréttisstarf skólans, og eru það ákveðin forréttindi að hafa aðgang að slíku úrvali af sérfræðingum til að koma að og móta stefnu skólans í jafnréttismálum. Sömuleiðis hefur öflugt starf nemenda, m.a. Stúdentaráðs og hagsmunafélaga nemenda á sviði jafnréttismála, haft mikil áhrif innan skólans.

Ein af stóru áskorunum dagsins í dag er lágt hlutfall nema með innflytjendabakgrunn sem sækja háskólanám og hafa rannsakendur í Háskóla Íslands í auknum mæli varpað ljósi á málaflokkinn. Það er okkar verk að bregðast við og nú er meðal annars komið í gang verkefni, *Sprettur*, sem ætlað er að styðja við nemendahópinn og búa hann undir háskólanám.

Sömuleiðis þarf að huga að málefnum kynsegin nemenda og gera málaflokkinn sýnilegri, en verið er að undirbúa leiðir til að kynsegin verði framvegis fastur valkostur í kerfum skólans, í takt við breytingar og umræðu í þjóðfélaginu.

Kynjahlutföll nemenda yfir höfuð hafa verið í deiglunni og er hlutfallið enn nokkuð ójafnt í sumum námsgreinum. Þessi áskorun er afar víðfeðm og þarf að takast á við hana með fjölbreyttum aðgerðum.

Aðgengismál hafa einnig verið í umræðunni enda er háskólinn sífellt að stækka. Fleiri nemar skrá sig og fleiri byggingar rísa og þá þurfa að aðgengismálin að vera í lagi. Á Jafnréttisdögum í febrúar var málþing tileinkað *algildri hönnun í Háskóla Íslands* þar sem þessi mál voru tekin fyrir, greint frá reynslusögum nemenda og rætt við stjórnendur. Þetta er eitt af þeim málum sem ég legg mikla áherslu á.

Jafnréttislögin hafa haft mikil áhrif á starf skólans, m.a. áherslur Háskólans á kynjasambættingu – þar sem reynt er að flétta sjónarmið kynjajafnréttis við alla starfsemi skólans eftir því sem kostur er – og málefni á borð við hvernig nefndir eru skipaðar, launajafnrétti og svo það sem kannski er eitt mikilvægasta jafnréttismálið – hvernig Háskólinn sem stofnun og vinnustaður tekur á og leitast við að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Jafnrétti er Háskólanum mjög mikilvægur málaflokkur, og spegalast það m.a. í því að jafnrétti er eitt af þremur grunngildum í stefnu skólans. Það er mér því mikil ánægja að taka þátt í þessum fundi og stýra hér umræðum.

Næst tekur til máls Brynja Elísabeth Halldórsdóttir, formaður jafnréttisnefndar HÍ og lektor á Menntavísindasviði HÍ, og mun hún fjalla um nýja jafnréttisáætlun HÍ.

Því næst taka til máls þær Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri, og Rán Ingvarsdóttir, lögfræðingur, á Skrifstofu jafnréttismála í Forsætisráðuneytinu. Þær munu fjalla um ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem voru samþykkt í lok síðasta árs.

Áhorfendur geta að erindum loknum sent inn spurningar sem frummælendur taka til umræðu. Við höfum þann háttinn á að spurningar eru senda inn skriflega í gegnum spjallið í útsendingunni, hvort sem þið eruð að horfa frá Facebook eða Livestream. Spurningarnar berast síðan til mín og við tökum þær til umræðu hér á eftir.